



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



HÓLABORG
HAMINGJA HEILBRIGÐI SJÁLFRÆÐI

Starfsáætlun 2025-2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	6
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	10
4	Innra mat Lóudeildar 2024-2025	13
5	Innra mat Spóadeildar 2024-2025	16
6	Innra mat Krummadeildar 2024-2025	20
7	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.....	23
8	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	24
9	Foreldrasamvinna	24
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
11	Fylgiskjöl	27



1 Greinargerð leikskólastjóra

Grunngildi okkar í Hólaborg eru hamingja, heilbrigði og sjálfræði.

Það krefst bæði skapandi hugsunar og víðsýni að skipuleggja nám barna í leikskóla með tilliti til þessara mikilvægu gilda. Í námskrá Hólaborgar viljum við hafa markmið okkar og leiðir skýrar og myndrænar. Leiðirnar eru grundvöllur velferðar í námi barnanna og þær eiga að og vera skýrar og skiljanlegar fyrir alla. Það er mikilvægt að við öðlumst sameiginlegan skilning á því af hverju við höfum valið þessar leiðir. Undanfarið ár höfum við unnið markvisst að því að finna fleiri og fjölbreyttari leiðir sem hvetja börnin okkar til að nýta sér vel námið á fyrsta skólastiginu og starfsfólkið til að nýta styrkleika sína í starfinu.

Allt starf í Hólaborg er tengt saman. Hvort sem um er að ræða starfið inni á hverri deild fyrir sig eða því sem allir taka þátt í saman. Við leggjum áherslu á ákveðna símatþætti og endurmetum þá reglulega, dveljum við suma, og aðrir fara út eftir þörfum hvernar deildar fyrir sig. Þetta eru allt þættir sem hafa reynst börnunum vel og við höfum verið að dýpka og þróa. Þessir þættir eru; Gefðu tíu, flæði, útí fjör, Lubbi, skráningar og hópastarf. Þessi tenging allra við þessa þætti er mikilvæg til að missa ekki sjónar á þeim leiðum sem nýtast vel fyrir öll börn. Það er á ábyrgð deildarstjóra að fylgja eftir símatþáttum og velja í endurmat eftir þörfum. Við höfum komist að því að það þjónar engum tilgangi að hafa þessa þætti of marga í endurmati hverju sinni en fara frekar djúpt ofan í þá. Þannig verða þessir þættir að starfsleiðum okkar og hluti af menningu leikskólans.



Annað starf og verkefni sem leikskólinn vann að undanfarið ár var með sömu áherslur á öllum deildum og allur starfsmannahópurinn gerði endurmat saman. Þessi tilhögun reynist okkur vel og vegna smæðar leikskólans fáum við mörg tækifæri til samvinnu. Starfsmenn geta auðveldlega gengið í störf annarra vegna nándar og við gerum reglulega endurmat bæði formlegt og óformlegt.

Í ár höfum við endurmat á leiknum í Hólaborg og útbjuggum verkáætlun um endurmat og fræðslu um sjálfsprottinn leik og námsumhverfi. Við erum vel á veg komin og munum halda því áfram á vetri komandi. Í ár lögðum við áherslu á umhverfið sem þriðja kennara í leik barna. Við vorum með fræðslu um það með efni sem við höfðum áður fengið hjá Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur til að varpa betur ljósi á mikilvægi umhverfis sem þriðja kennara og einnig hvernig umhverfið er þrískipt. Áður höfðum við fjallað um umhverfið - starfsmaðurinn og seinna meir umhverfið - barnahópurinn. Það er um margt að velja til endurmats og tók allur hópurinn þátt í því að velja þætti sem fara í þessa vinnu. Nú höfum við sett þetta upp í fjóra liði og erum búin að endurmeta tvo af þeim.

Á árinu gerði stjórnendateymi óformlegt mat á stöðu leikskólans hvað málrækt varðar og stöðu okkar við íslenskukennslu og nú er vilji til að breyta starfsháttum okkar og búa til nýja stefnu um málrækt, íslenskukennslu og sérkennslu. Hugmyndin okkar um sérkennslu hefur þróast í gegnum árin og snemmtæk íhlutun verið okkur ofarlega í huga. Það er vilji okkar að efla okkur enn frekar í þessum málum. Þetta er stórt verkefni sem er nú þegar hafið. Það er mikilvægt að vinna vel með hugmyndafræðina og viðhorf starfsmanna ef vel á að takast til. Það er draumur okkar að í Hólaborg verði hugtakið sérkennsla ekki notað allra jafna um nám einstaka barna heldur um öll börn. Þá á ég við að þrátt fyrir að einstaka börn fái og hafi rétt á meira inngripi og eftirfylgd en önnur verði ekki litið á þau sem sérkennslubörn heldur að allir séu að fá kennslu við hæfi.

Í ár höfum við endurmat á námskránni okkar og fram undan er að gera endurmatsáætlun til 3 ára í senn. Í því starfi munum við sérstaklega meta það hvort hún samræmist Menntastefnunni, Farsæld barna, námssviðum aðalnámskrár og lögum um leikskóla. Auk þess að halda þessari vinnu áfram höfum við einnig verið að endurmeta húsbúnað og starfsumhverfi og er það verkefni enn í gangi.

Það er mikilvægt að allt starfsfólk tileinki sér starfsaðferðir leikskólans og viðhorf allra samræmist hugmyndum leikskólans um getu barna. Til að það sé til staðar þarf að gera vel og það gengur ekki að hlaupa hratt yfir mikilvæga þætti sem eru grundvöllur alls náms. Þótt

allir séu af vilja gerðir og góður faglegur stuðningur í boði hjá sviðinu er of lítill tími gefinn í þetta. Rekstrarliðir taka mikinn tíma frá faglegri leiðsögn og það er áskorun að horfa fram hjá þeirri umræðu sem hefur verið í samfélaginu undanfarið um stöðu leikskólans en þar kemur ekki alltaf fram það góða starf sem víða er í leikskólum í Reykjavík. Ég vona svo sannarlega að við missum ekki sjónar á mikilvægi innihaldsríks leikskólastarfs fyrir öll börn og setjum alltaf gæði og velferð barna ofar þörfum samfélagsins hverju sinni. Það hlýtur að vera án vafa sameiginleg sýn okkar að börnin okkar fái í námi sínu það veganesti sem stuðlar að hamingju þeirra, heilbrigði og sjálfræði.

Ég er stolt af öllu því starfsfólki sem hefur hafið nám og lokið því á meðan það starfar hér hjá okkur í Hólaborg og ekki síður þeim þetta starfshópi sem hefur starfað lengi saman og haldið öfluggu faglegu starfi uppi. Við höldum í þá sýn að hér eru öll börn mikilvæg og höfum að leiðarljósi hvað er best fyrir barnið.

Kennum gott með góðu.

Sigrún Grétarsdóttir





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat – Umhverfið sem þriðji kennarinn

Hvað var metið?	Áhugasvið barna
Hvernig fór matið fram?	Endurmat í litlum hópum. Hver hópur velur 1 lið sem inniheldur þætti tengda umhverfi.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Starfsmenn hafa áhrif á áhuga barna. Það þarf að hvetja börnin til að óska eftir því sem þau hafa mestan áhuga á og sýna vali þeirra áhuga.
Hvað var metið?	Opinn efniviður
Hvernig fór matið fram?	Endurmat í litlum hópum. Hver hópur velur 1 lið sem inniheldur þætti tengda umhverfi.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Mikið til af leikefni og opnum efnivið. Verið er að safna meira af verðlausum og opnum efnivið fyrir leik og verkefni. Það er mikið til af kubbum en það þarf að bjóða upp á meira af opnum efnivið í kubbaleik og í útiveru.
Hvað var metið?	Myndrænn stuðningur
Hvernig fór matið fram?	Endurmat í litlum hópum. Hver hópur velur 1 lið sem inniheldur þætti tengda umhverfi.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Það er byrjað að merkja allar hillur og kassa og það þarf að halda áfram að merkja. Stafir og nöfn sjást vel. Það þarf að samræma merkingar á milli deilda. Auka úrval af myndasögum t.d fyrir loðtöflu. Gera myndrænar reglur með börnunum og búa til myndrænt dagskipulag á kippur sem lítur út eins og það sem er á veggjum. Setja einnig eins merkingar á hillur þar sem kassar eru geymdir.
Hvað var metið?	Öryggi í umhverfinu
Hvernig fór matið fram?	Endurmat í litlum hópum. Hver hópur velur 1 lið sem inniheldur þætti tengda umhverfi.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Húsbúnaður er veggfestur, krókar á hurðum þar sem það þarf, engin eiturefni nema þau nauðsynlegu og þau eru geymd í læstum skápum. Hurðahúnar eru ofarlega. Það þarf að búa til verklag í kringum þurrskápa, yfirfara vesti og merkja þau betur, hurðir eru of þungar og hætta á að börn klemmi sig. Læsa allir hurðinni á leikfangaskúr?

	Skýrari reglur í útiveru fyrir bæði börn og fullorðna. Fara oftar yfir útidótið og henda ónýtu. Fara vel yfir allt sem er gert úr plasti og henda því sem er farið að eyðast, einnig matarílát. Samræma skipulag á þvotti á leikföngum og setja reglur um heita drykki inn á kaffistofu. Fylgjast með hita á ofnum. Skýrari reglur í kubbaleik með stórum kubbum fyrir hvern aldur, reglur um klifur úti. Börnum ekki hjálpað upp í kastala sem ekki komast þangað sjálf. Skýrara verklag um hlutverk starfsmanna í útiveru. Öryggishandbók er góð en það þarf að uppfæra hana og hafa hana sýnilegri.
Hvað var metið?	Tækifæri á svæðum - Rólegt/hreyfing/kveikjur
Hvernig fór matið fram?	Endurmat í litlum hópum. Hver hópur valdi 1 lið sem inniheldur þætti tengda umhverfi.
Hverjir tóku þátt í matinu ?	Starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Ólíkt á milli deilda og aðstaða er misgóð. Á Lóudeild og Spádeild eru svæði fyrir rólegheit og fyrir hreyfingu. Á Krummadeild er litil sem engin aðstaða fyrir rólegheit en góð fyrir hreyfingu. Á Spóadeild þarf að gera rólega svæðið meira aðlaðandi og sýnilegra. Á Krummadeild vantar svæði fyrir rólegheit og búnað sem laðar að. Margt í öllu húsinu hvetur til hreyfileikja og oft er farið á milli í flæði þar sem hreyfileikir eru í boði. Hvað kveikjur varðar er margt í umhverfinu sem kveikir áhuga barnanna til leikja og myndsköpunar og er í hæð barnanna. Gera mætti betur við að setja inn kveikjur sem eru ekki ofarlega í huga barnanna og geta dýpkað leikinn.



Innra mat - Námskrá

Hvað var metið?	Leikmarkmið leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Spurningalistar, einstaklingsmat.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Starfsfólk er vel meðvitað um leikmarkmiðin og leiðirnar. Umfjöllun um leikinn í námskrá samræmist að miklu leiti áherslum um leikinn sem megin námsleið allra námsþátta í aðalnámskrá. Leiðirnar ættu að vera sýnilegri t.d. á veggjum og það mætti búa til hugmyndabanka með leiðum sem hjálpa einstaka börnum, leiðir sem styðja við leikinn. Uppfæra kaflann í námskrá um leikinn með tilliti til allra námsþátta og um hlutverk umhverfis í skapandi starfi.



Ytra mat

Hvað var matið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun send til foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar í Hólaborg
Helstu niðurstöður mats	Yfir 90 % foreldra svara spurningum jákvætt og eru ánægðir og myndu mæla með leikskólanum. Upplifun foreldra um styrkleika okkar eru í samræmi við áherslur okkar. Foreldrar upplifa öryggi og vellíðan barnsins og góð samskipti. Þeir eru ánægðir með stjórnun skólans, stefnu og markmið. Til umbóta mætti bæta aðbúnað, þau áhrif sem fáliðun hefur á fjölskyldulífið og tækifæri í íslenskukennslu. Einnig óska foreldrar eftir nánari og fleiri tækifærum til að ræða einstaka þætti hjá barninu.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026


Umbótapáttur/matspáttur	Áhugasvið
Tækifæri til umbóta	Að öll börn fái tækifæri til samtals um áhuga sinn.
Aðgerðir til umbóta	Samtal við öll börnin og skráningar.
Ábyrgð	Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2026 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Samtal við börnin og endurmat barna.
Viðmið um árangur	Leikskráningar fyrir alla þar sem fram kemur áhugasvið barnanna.

Umbótapáttur/matspáttur	Opinn efniviður
Tækifæri til umbóta	Bjóða upp á opinn efnivið sem þróar og dýpkar kubbaleikinn og einnig í útiveru. Bjóða upp á meiri fjölbreytni í myndsköpun og bjóða börnum oftast að nota opinn efnivið án fyrirfram ákveðins tilgangs.
Aðgerðir til umbóta	Safna áfram verðlausu efni í kassa í efnisveitu. Safna og útvega hluti úr náttúrunni sem dýpka leikinn. Fara yfir glærur um flæði á starfsdegi.
Ábyrgð	Stjórnendateymi og allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Rýnihópur á deildarfundum..
Viðmið um árangur	Aukning á fjölbreyttum efnivið í efnisveitu. Búnaður til á öllum deildum sem dýpkar kubbaleik. Aukið aðgengi að verðlausu efni sem hæfir aldri barnanna og þroska.
Umbótapáttur/matspáttur	Myndrænn stuðningur
Tækifæri til umbóta	Hefja aftur merkingar á öllum kössum og hillum. Auka notkun á myndrænum lýsingum á kippum.
Aðgerðir til umbóta	Skipuleggja betur í hillum og merkja þær á sama hátt og efniviðinn sem á að vera þar. Auka úrval að myndrænum kippum og kynna vel fyrir öllu starfsfólki. Merkja betur framan á skápa það sem er þar inni.
Ábyrgð	Jolanta, Sigrún og Friðbjörg



Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Rýnihópur ábyrgðaraðila.
Viðmið um árangur	Skýrt skipulag á bókum, búnaði og leikefni. Notkun á fjölbreyttum kippum aukist. Aukning á merkingum um 50%.
Umbótapáttur/matspáttur	Öryggi
Tækifæri til umbóta	Skýrara verklag og reglur um eftirfarandi; hlutverk starfsmanna í útiveru, í garðinum, í fataherbergi, nálægt þurrkskáp, við ofna og viðbragðsáætlun. Yfirfara vesti barnanna og gera þau meira áberandi.
Aðgerðir til umbóta	Uppfæra verklag um garð og hlutverk starfsmanna í útiveru. Nýtt verklag um umgengni nálægt ofnum og þurrkskáp. Merkja vesti með símanúmeri og skærum lit á öxl. Allar deildir fara yfir viðbragðsáætlun vegna bruna.
Ábyrgð	Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – desember 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í rýnihópum.
Viðmið um árangur	Aðgengilegt verklag á öllum deildum um öryggi í Hólaborg sem hægt er að bæta inn í eftir þörfum. Merkja vesti með símanúmeri og líma skæran lit á aðra öxlina. Uppfærð öryggishandbók.
Umbótapáttur/matspáttur	Tækifæri á svæðum
Tækifæri til umbóta	Áhersla á Krummadeild. Að auka tækifæri barnanna til að fara á rólegt svæði. Hugmyndabanki um óvenjulegar og skemmtilegar kveikjur að leik og verkefnum.
Aðgerðir til umbóta	Útbúa notalegt horn með þægilegum búnaði til hvíldar. Búa til hugmyndabanka með kveikjum sem hvetja til skapandi starfs, nýrra hugmyndir og leiða til dýpri þekkingar.
Ábyrgð	Deildarstjóri á Krummadeild / Allt starfsfólk..
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2026 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Rýnihópur á deildarfundum á Krummadeild / Rýnihópur á deildarfundum allra deilda. Samtal við börnin.
Viðmið um árangur	Börnin nota svæðið og óska eftir að fara á það um stund. Aðgengilegur hugmyndabanki. Starfsfólk leggur oft fram skemmtilegar og óvenjulegar kveikjur fyrir leikinn.

Umbótabáttur/matsbáttur	Leikmarkmið
Tækifæri til umbóta	Hafa leikmarkmiðin sýnilegri og auka fjölbreytni. Aukin umfjöllun í námskrá um leikinn.
Aðgerðir til umbóta	Myndir og lýsing á leiðunum settar á vegg á deildum. Búa til hugmyndabanka með fleiri leiðum til að hvetja börn sem þurfa stuðning í leik. Uppfæra kafla um leikinn í námskrá Hólaborgar.
Ábyrgð	Stjórnendateymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025 - desember 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Rýnihópur á deildarfundum. Samtal við börnin. Rýnihópur stjórnendateymis.
Viðmið um árangur	Markmið og leiðir sýnilegar á öllum deildum. Hugmyndabanki aðgengilegur. Umfjöllun um leikinn í námskrá ýtarlegri og samræmist aðalnámskrá leikskóla.





4 Innra mat Lóudeildar 2024-2025

Umbótaþættir síðasta skólaárs voru: frjáls leikur, gönguferðir, gefðu 10, útifjör og flæði. Vegna aðstæðna í leikskólanum í haust voru atriði í umbótaáætlun sem duttu út og annað kom í staðinn. Við lögðum mikla áherslu á umhverfið þar sem öllu var hent sumarið 2024 vegna myglu og við byrjuðum skólaárið með næstum því tóma deild. Við lögðum því mikla áherslu á að bæta umhverfið okkar og við munum halda því áfram næsta skólaár.

Frjáls leikur er stærsti hluti starfsins á Lóudeild enda er frjáls leikur ein mikilvægasta námsleið barna. Starfsfólk deildarinnar er virkt í leik og kemur með kveikjur og mismunandi leikefni. Börnin hafa þroskast mikið síðustu mánuði og eru orðin mjög sjálfstæð í leiknum nú í lok skólaársins.

Þættinum um gönguferðir var breytt í að farið yrði reglulega í gönguferðir um vorið og sumarið. Það hefur gengið vel og farnar hafa verið margar gönguferðir með hækkandi sól og stækkandi börnum. Stefnt er að því að halda því áfram í sumar og byrja aftur að fara í gönguferðir með ný börn næsta vor.

Gefðu 10 var hluti af starfinu okkar í vetur. Við tókum tímabil þar sem ákveðin börn voru valin og fengu auka 5-10 mínútna málörvun á dag í tvær vikur í senn. Við munum halda því áfram næsta skólaár og með því viljum við stuðla að bættum orðaforða og málþroska barna sem þurfa mest á því að halda. Einnig leggjum við áherslu á lestur í starfi deildarinnar. Bæði skipulagðar lestrarstundir á hverjum degi og einnig í hópastarfi og frjálsum leik barnanna. Börnin eru mjög áhugasöm um bækur og finnst gaman að hlusta á sögur.

Útifjórið var óvirkt næstum allt skólaárið en fór í gang aftur núna í sumar og verður áfram. Flæði var alltaf hluti af starfi leikskólans en skráning starfsfólks á svæði átti sér ekki stað. Það eru tækifæri til þess að þróa bæði útifjör og flæðið áfram en það verður þó ekki í umbótaáætlun Lóudeildar því við viljum einbeita okkur að starfi deildarinnar.

Í vor breyttum við skipulagi hópastarfsins og það hefur ekki gengið alveg nógu vel að fylgja því skipulagi. Við fórum oft í gamla skipulagið og það nýja í bland og ætlum við að taka hópastarfið fyrir næsta skólaár. Við stefnum að því að vinna með nokkur valin þemu í gegnum skólaárið ásamt því að grípa áhuga barnanna hverju sinni og nýta sem þemu. Deildarstjóri ætlar að setja upp skipulag sem auðvelt er fylgja, skipuleggja þemun og koma með hugmyndir af því sem hægt er að gera ásamt því að hópastarfið og þemun verða rædd á deildarfundum. Lubbi finnur málbein er hluti af hópastarfinu þar sem hvert máhljóð er tekið

fyrir í tvær vikur í senn. Hvert barn fer í Lubbastund einu sinni í viku ásamt því að vera Lubbastjóri einu sinni á skólaárinu. Á næsta skólaári ætlum við að leggja meiri áherslu á Lubba og veita honum meiri athygli í daglegu starfi líka og gera hann sýnilegri á deildinni.



Lóudeild/1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf og þemu
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt starfsfólk verði virkt í nýju skipulagi af hópastarfi og haldi áfram að þróa það.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ræða þemu á deildarfundum og verkefni sem hægt er að gera tengd þemunum. Deildarstjóri aðstoðar starfsfólk við að finna viðfangsefni sem tengjast þemunum. Að skipulag sé skýrt og starfsfólk eigi auðvelt með að fylgja því.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt og metið deildarfundum. Skráningar úr hópastarfi, leikskráningar og myndir.

Lóudeild/1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein í hópastarfi og daglegu starfi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt starfsfólk sé virkt í Lubba-starfi og það fari fram í hverri viku. Að það verði skipulagðar stundir í hópastarfi og að Lubbi verði stærri þáttur í daglegu starfi á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ræða og skipuleggja á deildarfundum, starfsfólk fylgi því eftir og sé virkt í starfinu.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt og metið deildarfundum. Skráningarblað yfir þau máhljóð sem búið er að vinna með. Skráningar úr Lubbastarfi.





5 Innra mat Spóadeildar 2024-2025

Í umbótaáætlun Spóadeildar skólaárið 2024-2025 voru teknir fyrir 4 þættir; frjáls leikur barna og umhverfið, gefðu 10, hópastarf og Lubbi finnur málbein. Þetta skólaárið hefur margt áunnist vel og er orðið fast í sessi í starfi deildarinnar. Frjáls leikur barna hefur ávallt verið stór hluti af daglegu starfi Spóadeildar og mun gera áfram þar sem börnin fá að vera skapandi í sjálfsprottnum leik enda er leikurinn ein mikilvægasta námsleið barna. Undir þessum þætti var einnig unnið að umbótum á umhverfi barnanna á deildinni með tilliti til leiks. Þegar skólaárið hófst var deildin nánast tóm vegna áhrifa myglu á húsnæðið og hafði nánast öllu verið hent sumarið 2024. Á deildinni voru nánast engin leikföng, ekkert á veggjum og engin gólfefni þegar skólaárið hófst og því var mikil vinna fyrir höndum. Það er margt sem vannst vel og náðist en það er þó enn langt í land og munum við halda áfram að vinna að því að skapa börnunum gott, hvetjandi og eflandi námsumhverfi sem styður við sjálfstæði barna sem og sjálfsprottinn og skapandi leik.

Gefðu 10 var hluti af starfinu okkar í vetur, það var ekki í stöðugri virkni en reglulega yfir veturinn var starfsfólk virkt í að gefa ákveðnum börnum 5-10 mínútur af auka málörvun á dag í nokkrar vikur í senn. Gefðu 10 mun áfram vera hluti af starfinu á Spóadeild með svipuðum hætti og var í vetur.

Hópastarf eins og stefnt var að í umbótaáætlun tókst ekki nógu vel. Barnahópurinn var þannig samsettur að mörg börn voru að mæta seint í leikskólann sem óneitanlega hafði áhrif á hópastarfið, en ætti að sjálfsögðu ekki að þurfa að hafa það. Börnunum var skipt í hópa og unnið að ýmsum verkefnum yfir veturinn en ekki eins og stefnt hafði verið að. Gerðar verða breytingar á hópastarfinu fyrir komandi skólaár þar sem deildarstjóri skipuleggur betur hvaða þema verður unnið með hverju sinni og styður við og aðstoðar starfsfólk að finna efni í hópastarfið sem henta hverju sinni. Lubbi finnur málbein var hluti af hópastarfinu í vetur og féll því oft niður eins og hópastarfið gerði. Deildarstjóri ætlar fyrir komandi skólaár að skipuleggja þá vinnu betur og halda utan um að því verði sinnt. Lubbi verður áfram hluti af hópastarfi á þann hátt að hvert barn fer einu sinni í viku í Lubbastund þar sem unnið er sérstaklega með ákveðin málhljóð.

Við sjáum tækifæri í að auka hlutverk barnanna á deildinni, í dag er umsjónarmannshlutverki sinnt alla daga og taka börnin þá þátt í að sækja hádegismatinn. Síðastliðið haust var hlutverki garðstjóra vel sinnt og fengu öll börnin að vera garðstjóri einu

sinni en eftir það féll það hlutverk alveg niður. Við viljum því endurvefja það og gefa börnunum tækifæri til að fá hlutverk sem þau sinna reglulega yfir veturinn. Fyrir nokkrum árum vorum við með hlutverk sem kallaðist snyrtipinni og sinntu tvö börn því hlutverki hverju sinni en það fól í sér að þau aðstoðuðu önnur börn við frágang í fataherbergi eftir útiveru og fengu t.d. að sópa gólfinn í fataherberginu. Börnin á þeim tíma voru ánægð með hlutverkið og því sjáum við að þetta gæti vakið lukku aftur.





Spóadeild/3-4 ára börn	
Umbótapáttur/matspáttur	Umhverfið sem þriðji kennarinn.
Tækifæri til umbóta	Halda áfram að bæta umhverfið á deildinni svo það virki hvetjandi fyrir sjálfsprottinn leik barna. Halda áfram að vinna að sjálfshjálpi barna í tengslum við umhverfið á deildinni.
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk er vakandi fyrir umhverfinu og nýtingu á því. Er opið fyrir því að breyta til á deildinni og prófa. Rætt á deildarfundum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025- júní/júlí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfsfólk deildarinnar ræðir um umhverfi deildarinnar einu sinni í mánuði yfir veturinn til að skoða leiðir sem hægt er að fara og ræðir það sem hefur verið reynt.

Spóadeild/3-4 ára börn	
Umbótapáttur/matspáttur	Hópastarf og Lubbi finnur málbein.
Tækifæri til umbóta	Bæta hópastarf þar sem lögð er meiri áhersla á að unnið sé markvisst að ákveðnu þema hverju sinni nokkrar vikur í senn. Lubbi finnur málbein er hluti af hópastarfinu á Spóadeild og ætlum við að vinna frekar að því og gera Lubbastundir markvissari.
Aðgerðir til umbóta	Deildarstjóri skiptir börnunum í hópa sem haldast allan veturinn og ákveður þema til að vinna að hverju sinni með starfsfólki og út frá áhuga barnanna. Deildarstjóri aðstoðar deildarstarfsmenn við að finna viðfangsefni til að vinna með. Deildarstjóri setur upp áætlun hvernig eigi að vinna með Lubba yfir veturinn og styður við starfsfólk að vinna með Lubba.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025- maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Rætt á deildarfundum, verður hluti af því sem rætt er á öllum deildarfundum. Skráningarblað deildarstjóra yfir þau málhljóð sem búið er að vinna með í Lubbi finnur málbein.

Spóadeild/3-4 ára börn	
Umbótapáttur/matspáttur	Hlutverk barna í daglegu starfi.
Tækifæri til umbóta	Virkja börn í að taka þátt og að þau fái hlutverk.
Aðgerðir til umbóta	Að hvert barn sinni hlutverki nokkrum sinnum yfir veturinn, hlutverk eins og umsjónarmaður, garðstjóri og snyrtipinni. Hafa gott skráningarblað svo hægt sé að hafa yfirsýn yfir hver sinnti hvaða hlutverki hvenær.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025- júlí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Rætt á deildarfundum og skráningarblöð yfirfarin.



6 Innra mat Krummadeildar 2024-2025

Í umbótaáætlun síðasta árs voru umbótaþættirnir eftirfarandi: Hlutverk barna með áherslu á umsjónarmenn, endurvinnslustjóra, garðstjóra og veðurfræðing, því næst var það innleiðing Töfratöskunnar, sameining hlutverks veðurfræðings og samverustjóra og Gefðu 10.

Hlutverk barna þegar kom að umsjónarmanni og garðstjóra gekk mjög vel og hefur það verið fastur liður í okkar starfi í allan vetur. Skráningarblað hefur verið notað til þess að tryggja þátttöku allra barna á deildinni og því fylgt vel eftir. Að sama skapi gekk innleiðing Töfratöskunnar vel og reyndist það verkefni vera góð viðbót við Bókina að heiman, sem var í umbótaáætlun Krummadeildar '23-'24 og er fyrir áramót á deildinni. Öll börn á deildinni fengu Töfratöskuna heim með sér eftir áramót og var fylgst með að öll börnin fengju að taka þátt með þar til gerðu skráningarblaði. Tilgangur Töfratöskunnar er sá að hvert barn fær að taka dót með sér að heiman í tösku í eigu leikskólans og fær barnið svo að sýna frá því sem það kom með fyrir framan allan barnahópinn. Markmiðið með Töfratöskunni er að brúa bilið á milli heimilis og skóla til að opna fyrir umræðu um mismunandi áhugamál og heimamenningu allra. Skráningarblað með Gefðu 10 var gert fyrir deildina og var það ekki í stöðugri notkun en reglulega yfir veturinn var starfsfólk virkt í að gefa ákveðnum börnum 10 mínútur af málörvun á dag og að skrá þátttöku sína. Ákveðið hefur verið að halda áfram með slíkt fyrirkomulag en Gefðu 10 verður ekki í umbótaáætlun Krummadeildar að þessu sinni. Þeir þættir sem ekki var sinnt sem skyldi og verða endurmetnir eru: Sameining veðurfræðings og samverustjóra, og hlutverk garðstjóra og endurvinnslustjóra.

Þeir þættir sem við munum leggja áherslu á næsta vetur eru: hlutverk barna með áherslu á veðurfræðing og endurvinnslustjóra og hópastarf.

Hlutverk veðurfræðings verður að þessu sinni eitt og sér en ekki sameiginlegt með samverustjóra. Skráningarblað verður sýnilegt inni á deildinni og fær eitt barn á hverjum degi að fara í hlutverk veðurfræðings, þar sem það barn fær að fara út með starfsmanni og meta veðrið, skoða skýin og finna til hvaða fatnaður er viðeigandi þann daginn. Í kjölfarið fær barnið að ræða við deildina um veðrið og hvaða útifatnað á að fara í þann daginn. Endurvinnslustjóra verður að sama skapi fylgt eftir með skráningarblaði og verður skipaður á hverjum föstudegi, þar sem starfsmaður og barn fara með pappa og plast sem hefur safnast saman yfir vikuna í réttar tunnur.

Hópastarfi Krummadeildar hefur verið sinnt vel síðustu ár og ákveðið hefur verið að vinna með markvissari hætti að hópastarfi deildarinnar, þar sem ákveðin þemu verða fyrir hvern mánuð sem unnið er út frá. Markmiðið með markvissara hópastarfi er að börnin fái að dýpka þekkingu sína á tilteknu viðfangsefni og sömuleiðis að ýta undir lýðræði með því að börnin geti haft áhrif á hvaða viðfangsefni verða tekin fyrir hverju sinni.



Krummadeild/4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hlutverk barna: Veðurfræðingur og samverustjóri
Tækifæri til umbóta	Bæta veðurfræðing inn í daglegt starf deildarinnar til þess að börnin fái tilfinningu fyrir veðrinu og eflist í að meta veðrið og útifatnað í takt við það. Endurvinnslustjóri verður einu sinni í viku, þar sem farið verður yfir mikilvægi þess að flokka rusl.
Aðgerðir til umbóta	Að hvert barn fái tækifæri til þess að fara í hlutverk veðurfræðings og endurvinnslustjóra.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningarblað sem heldur utan um að öll börn deildarinnar hafi sinnt hlutverki veðurfræðings reglulega yfir skólaárið. Uppeldisfræðileg skráning fyrir hvert barn þegar það fer í hlutverk veðurfræðings og endurvinnslustjóra.

Krummadeild/4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf
Tækifæri til umbóta	Að bæði starfsfólk og börn fái tækifæri til þess að gefa sér góðan tíma í að kynna sér ákveðið viðfangsefni og verða mánaðarlegar áherslur sem unnið verður með.
Aðgerðir til umbóta	Börnunum verður skipt í hópa sem haldast yfir allt skólaárið. Ákveðnar verða áherslur sem unnið er að hverju sinni og er rödd barnanna höfð í fyrirrúmi. Því þarf að vera svigrúm til breytinga ef að áhugi barnanna liggur að ákveðnu viðgangsefni.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Könnunaraðferðin verður notuð til þess að hvetja börnin til virkrar þátttöku og fá betri innsýn í hvar áhugasvið þeirra liggur. Jafnframt verður árangur og framgengi hópastarfsins rædd á deildarfundum.



7 Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Formleg starfspróunarsamtöl eru tekin á haustin. Næsta haust verður rætt um óskir starfsmanna og styrkleika þeirra. Fræðsla síðasta skólaárs fyrir hópinn var um leikinn og leikumhverfið og einnig fóru einstaka starfmenn á námskeið um farsældarlögin og um hegðun barna svo eitthvað sé nefnt. Tveir starfsmenn útskrifuðust með B.ed. próf, annars vegar í leikskólakennarafræðum og hins vegar í uppeldis- og menntunarfræði. Áætlun fyrir næsta ár er að fá fræðslu um fjölbreytni í sérkennslu og snemmtækri íhlutun en einnig að halda áfram að fræðast um hlutverk umhverfis og umhverfi án skaðlegra efna, umhverfi í samræmi við umhverfissjónarmið. Starfsfólk mun fara á skyndihjálparnámskeið og við stefnum á að fara í námsferð til einhvers af norðurlöndunum og kynna okkur snemmtæka íhlutun í fjölmenningarlegu umhverfi.

Í ár vorum við með fræðslu á starfsdegi um leikinn og umhverfið sem unnin var út frá glærum frá Önnu Magneu Hreinsdóttur. Auk þess fórum við í vel heppnaða námsferð til Akureyrar þar sem við heimsóttum þrjá leikskóla og fengum góða sýn á áherslur þeirra og kynntum okkur hvernig þau nýta umhverfið í starfi sínu.





8 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna í Hólaborg og samstarfsskóli okkar.

Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum og séu öruggari þegar kemur að byrjun grunnskólagöngu. Börnin fara kynningu á skólanum þar sem þau fengu að ganga um skólann, skoða bókasafnið, snillismiðjuna, skólastofurnar o.fl. Börnin fóru svo í aðra heimsókn þar sem þau fengu að taka þátt í kennslustund hjá 1. bekk. Börnin sem nú eru í 1. bekk í Hólabrekkuskóla komu í tvær heimsóknir í leikskólann, eina þar sem þau léku sér inni og aðra þar sem leikið var úti. Elstu börnin heimsóttu einnig frístundaheimilið Álfheima. Að vori er skilafundur milli leikskóla og grunnskóla þar sem deildarstjóri elstu barna og sérkennslustjóri hittir kennara fyrsta bekkjar og deildarstjóra yngsta stigs og þar eru ræddar þarfir og staða barnanna í námi og þroska, áhugasvið og styrkleikar barnanna koma fram ásamt niðurstöðum úr skimunum. Við höfum verið í samstarfi við Tónlistarskóla Sigursveins til margra ára og það hélt áfram í ár.

Leikskólarnir í hverfinu hafa komið sér upp ákveðnu verklagi í tengslum við ferðir út fyrir leikskólann og farið saman í rútu þegar þess er kostur. Í ár fóru leikskólarnir með elstu börnin saman í útskriftarferð í Vatnaskóg og mun það verða gert aftur næsta vor.

9 Foreldrasamvinna

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili leikskólans og framlag þeirra vegur þungt. Starfað er eftir handbók um foreldrasamstarf þar sem lögð er áhersla á samskiptastefnu Hólaborgar. Þau samskipti sem vega hvað þyngst eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann og í foreldrasamtölum við deildarstjóra. Það er mikilvægt að leita lausna í samskiptum við fjölskyldur sem ekki eiga sameiginlegt tungumál með okkur og stuðla þannig að auknum samskiptum og auknum skilningi á mögulegum menningarmun.

Allar fjölskyldur eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um barnið sitt og leikskólastarfið svo þær geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu.

Fjölskyldan hefur mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku. Upplýsingar eru veittar í tölvupósti, í gegnum Völu, með símtölum, túlkapjónustu, notkun samskiptabóka og á facebook-síðu foreldrafélagsins, allt eftir því hvað



hentar hverju sinni og ekki síst með skráningum og myndum úr starfinu. Einnig fara upplýsingar og auglýsingar á útihurðar á þeim tungumálum sem leikskólinn hefur burði til að setja fram hverju sinni. Í starfsmannahóp Hólaborgar eru tvítyngdir starfsmenn sem deila sama tungumáli og nokkur börn í leikskólanum. Það hefur eftir móðurmál þeirra barna og oft auðveldað samskipti við foreldra.

Markmið Hólaborgar með fjölskyldusamstarfi:

- Að allir upplifi sig velkomna í Hólaborg
- Að kynnast fjölskyldum hvers barns og að allir fái sömu upplýsingar
- Að fjölskyldan taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár barnsins
- Að fjölskyldum finnist þær geta leitað eftir aðstoð, upplýsingum og stuðningi
- Að fjölskyldan sé hvött til dáða
- Að fjölskyldan hafi áhrif á leikskólastarfið

Í Hólaborg er þátttökuaðlögun. Þá eru foreldrar með barninu sínu í leikskólanum í þrjá daga og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólki með foreldrum sínum og saman öðlast þau traust. Foreldrar kynna barnið fyrir starfsfólki leikskólans og sýna því hvernig það hefur hagað hlutunum og segir frá styrkleikum barnsins, áhugasviðum og þörfum. Foreldrar barnanna sem eru í aðlögun kynnast hvort öðru og öðlast sameiginlega reynslu. Á fjórða degi kveður foreldri barnið sitt og næstu dagar eru mögulega í styttra lagi, allt eftir líðan barnsins. Áður en aðlögun hefst er foreldrum og barni boðið í fyrstu kynni. Þar fá þau tækifæri til að hitta þá sem koma til með að vera með barninu, skoða deildina og fá upplýsingar um leikskólann og starfsfólk fær að hitta barnið og foreldra þess.

Foreldrafundur er í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið er kynnt. Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í annað þeirra. Foreldrasamtöl að hausti eru á öllum deildum í október og nóvember. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsnámskrá og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir Efi-2 og Hljóm-2 þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns. Foreldrasamtöl að vori eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins. Foreldrasamtöl að vori fyrir elsta árganginn eru í apríl. Þá er farið yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla. Í foreldraráði sitja þrír



foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráð sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist einu sinni til tvisvar á önn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið ábendingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Leikskólastjóri ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni. Hlutverk foreldraráðs er að gefa leikskólanum umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu og fjallar ekki um málefni einstakra barna.

Hólaborg er alltaf opin fyrir fjölskyldur barnanna en formlega er foreldrum boðið í kaffiboð tvisvar á ári þar sem allir eru velkomnir. Á síðastliðnum vetri héldum við Menningarmót þar sem börnin kynntu sína heimamenningu og var foreldrum boðið að taka þátt í þessum viðburði með okkur. Foreldrafélagið stóð einnig fyrir vel heppnaðri sumarhátíð og bauð börnunum upp á 4 vikna danskennslu sem sló í gegn hjá barnahópnum.





10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólinn á 6 skipulagsdaga á ári og eru þrír þeirra á sama tíma og í Hólabrekkuskóla.

Skólaárið 2025-2026 er áætlað að skipulagsdagar verði 19. september, 21. nóvember, 30.

janúar og 6. mars. Auk þess stefnum við á námsferð í júní og notum til þess tvo skipulagsdaga þá 18. og 19.

11 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans

Sigrún Grétarsdóttir

01.07.2025

Leikskólastjóri

Dagsetning



Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Hólaborg

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 M		1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalýösdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ	Böknarvika	2 F		2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F	Samsöngur	3 M	Foreldrasamtöl hefjast	3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Fridagur verslunarmarkaðs	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 F	Samsöngur	5 M		5 F		5 F	Samsöngur	5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F	Útskrift elstu barna	5 S	
6 M		6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans Samgöngu	6 F	Skipulagsdagur	6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 F		7 S		7 Þ		7 F	Samsöngur	7 S		7 M		7 L		7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómennadagurinn	7 Þ	
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F	Menningarmót	8 M		8 M	
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ	Foreldrabóð	9 F	Samsöngur	9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F	Samsöngur	10 S		10 M	Skólaslit grunnskóla	10 F	
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 M	Dagur íslenska táknaðsins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ	Opnar eftir sumarlokun	12 F		12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	
14 F		14 S		14 Þ		14 F	Bangsá/náttfatadagur	14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinna	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	
15 F		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ	Jólaball	16 F		16 M	Bolludagur	16 M	Foreldrasamtöl hefjast	16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17 S		17 M		17 F		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Öskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F	Skipulagsdagur	18 L	
19 Þ		19 F	Skipulagsdagur	19 S		19 M		19 F		19 M		19 F	Skráningardagar	19 F		19 S		19 Þ	Útskriftarferð elstu barna	19 F	Skipulagsdagur	19 S	
20 M		20 L		20 M		20 F	Dagur mannréttinda	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagar	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	
21 F		21 S		21 Þ		21 F	Skipulagsdagur	21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	
22 F	Skólasetning grunnskólans	22 M		22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf Konungsdaganna	22 S		22 M		22 F	Umhverfisdagur	22 M		22 M	
23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	
24 S		24 M		24 F	Skráningardagur	24 M		24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	
25 M		25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 Þ		26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 M		27 L		27 M	Skráningardagur	27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F		27 M	Foreldrasamtöl elstu barna	27 M		27 L		27 M	
28 F		28 S		28 Þ	Skráningardagur	28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	
29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	Skráningardagur	29 F	Þorramatur			29 S	Pálmásunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	
30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagur	30 F	Skipulagsdagur			30 M	Skráningardagar	30 F		30 L		30 Þ		30 F	
31 S				31 F	Hrekkjavaka			31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagar			31 S				31 F	

Í reglum um leikskólalápnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Karen Ósk Ólafsdóttir

Olga Helgadóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já þær gera það

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já hún er það

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún er það

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei, hún er mjög fín

Fulltrúar í foreldraráði:

Karen Ósk Ólafsdóttir
Olga Helgadóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Olga Helgadóttir
Karen Ósk Ólafsdóttir